

Mánudaginn 10. dag júlímán.

Nr. 1/1911:

Björn Kristjánsson og Björn  
Sigurðsson bankastjórar fyrir  
hönd Landsbankans  
gegn  
Einari M. Jónassyni.

Með umboðsskjali dags. 14. apríl 1909 fól stjórn Landsbankans stefnda Einari M. Jónassyni yfirréttarmálaflutningsmanni að innheimta hjá bændaverzluninni Einar Markússon & Co. í Ólafsvík skuld til bankans, 35000 kr., og var í sama skjalinu ítrekað eldra umboð handa stefnda til að ganga eftir 15000 kr. skuld, er bændaverzlunin ennfremur var í við bankann. Eftir eldra umboðinu fór stefndi í þessum erindum bankans 1 ferð til Ólafsvíkur í marz mánuði 1909 og eftir umboðinu 14. apríl 2 ferðir í apríl- og septembermán. s. á. Kostnaðinn við ferðir þessar greiddi bankastjórnin stefnda að fullu og auk þess 10 kr. kaup hvern dag er hann var á ferðinni. Í nóvembermánuði tóku nýjir menn við stjórn bankans og virðist hin nýja bankastjórn allengi hafa verið í vafa um, hvort hún ætti að láta stefnda halda áfram greindu innheimtustarfi fyrir bankann. Í bréfi dags. 2. apríl 1910 lét stefndi bankastjórnina vita, að greiðsla sú, sem hann þangað til hafði fengið frá bankanum, hefði að eins verið þóknun fyrir ferðirnar, en ætti ekkert skylt við innköllunina, sem yrði talin samkvæmt taxta, ef ekki væru sérstakir samningar fyrir hendi, en tjáði sig hins vegar fúsan til að semja um fastákveðna borgun fyrir allan starfann, og í bréfi dags. 5. júní til banka-

stjórnarinnar kveðst stefndi hafa »hugsað sér svipað fyrir-  
 komulag á samvinnu við bankann og að undanfögnu,  
 sem sé að bankinn kosti ferðir og 10 kr. á dag og 10%  
 af innköllum«. Þessum málaleitunum stefnda svaraði  
 bankastjórnin eigi bréflaga, en viku síðar, 12. júní, fór  
 stefndi enn vestur í Ólafsvík í erindum bankans, og fekk  
 þá ferð borgaða eins og áður eftir reikningi og 10 kr. í  
 dagkaup. Á ofanverðu sumri hætti stefndi að starfa fyrir  
 bankann; kendi hann það bankastjórninni, með því að  
 hún hefði breytt á móti umboðinu með því að ónýta  
 ráðstafanir sínar og gjöra sér aðrar tálmanir í umboðs-  
 rekstrinum, og þar sem bankastjórnin þannig ætti sök á  
 því, að hann lauk ekki innheimtustarfinu eins og til var  
 ætlað í upphafi, taldi hann sig eiga rétt á borgun eins og  
 hann hefði innheimt að fullu skuldir Bændaverzlunarinnar  
 samtals 50000 kr. Til þess að framfylgja þeim rétti,  
 sem bankastjórnin vildi ekki viðurkenna, höfðaði stefndi  
 mál á bæjarþingi Reykjavíkur á hendur áfryjendunum  
 Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórnum  
 fyrir hönd Landsbankans, og voru kröfur hans þær, að  
 áfryjendur yrðu dæmdir til að greiða sér 10% af 50000  
 kr. eða 5000 kr., til vara 3500 kr. eða 10% af þeirri  
 upphæð, er vænta mætti að inn hefði komið, ef skyn-  
 samlega hefði verið stjórnað, og til þrautavara innheimtu-  
 laun samkvæmt taxta, auk þóknunar fyrir þann hluta, er  
 vænta hefði mátt af sjálfskuldarábyrgðarmönnum, og 6%  
 vaxta af hverri þeirri upphæð, er honum yrði dæmd, og  
 málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. Lauk mál-  
 inu svo á bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 5. jan.  
 þ. á., að áfryjendurnir voru dæmdir til þess að greiða  
 stefnda 243 kr. 82 a. með 6% ársvöxtum frá 26. ág.

1910 til borgunardags, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. janúar þ. á. og krafist að verða algjörlega sýknaðir í málinu, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað.

Af annari hálfu hefir stefndi gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 11. marz þ. á., og krafist þess fyrst og fremst, að úrskurður bæjarþingsins, uppkveðinn 13. okt. f. á., um að gæzlustjóri bankans, Jón Gunnarsson, yrði ekki leiddur sem vitni í málinu, verði feldur úr gildi og málinu vísað heim til nýrrar og löglegri meðferðar, en til vara hefir hann tekið upp allar kröfur sínar fyrir undirréttinum, hvort heldur aðalkröfu, varakröfu eða þrautvarakröfu, og enn til vara krefst hann að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og hvernig sem málið fer, að sér verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu, eða eftir mati yfirdómsins.

Meðan málið var fyrir bæjarþinginu, kvaddi stefndi Jón Gunnarsson gæzlustjóra Landsbankans til að bera vitni í því, en þessu var mótmælt bæði af vitninu og mál-færslumanni áfrýjanda, sökum þess, að gæzlustjórinn eftir stöðu sinni við bankann ætti að vera undanþeginn að bera vitni í málinu, og voru þessi mótmæli tekin til greina af undirdómaranum í hinum áfrýjaða úrskurði.

Þó að eigi verði álitid, að staða vitnisins sem gæzlustjóri við bankann geti leyst það undan vitnisskyldu í máli þessu, verður að telja það rétt, að undirdómarinn synjaði um vitnaleiðsluna, með því að eigi verður séð af spurningum þeim, er stefndi ætlaði að láta leggja fyrir þetta vitni, að það ráði neinu um úrslit málsins, hvernig vitnið mundi svara þeim. Það ber því eigi að fallast á

kröfu stefnda um ónýting úrskurðarins og heimvísun málsins.

Kröfuna um að bankinn greiði sér 5000 kr. telur stefndi sem fyr segir réttlætta með því, að bankastjórnin hafi misboðið sér og beitt sjg gjörræði, svo að hann hafi neyðst til að láta af innheimtustarfinu áður en því var lokið. En þetta hefir stefnda gegn mótmælum áfryjenda ekki tekist að sanna, og getur þá þessi krafa hans þegar af þeirri ástæðu eigi komið til álita. Þá er næsta krafa stefnda, að honum verði dæmd 10% af þeirri upphæð, er vænta mætti að inn hefði komið, ef skynsamlega hefði verið stjórnað og virðist hann áætla þetta hundraðsgjald 3500 kr. En eftir þessari áætlun verður ekki farið, og að öðru leyti er krafan svo óákveðin, að henni verður eigi sint gegn mótmælum áfryjenda. Hins vegar hefir stefndi komið fram með reikning yfir fé, er hann telur sig hafa innheimt upp í skuld bændaverzlunarinnar Einar Markússon & Co. til bankans, nemur sú fjárhæð kr. 30869,51 og krefst stefndi 10% innheimtulauna af henni.

Áfryjendurnir hafa mótmælt bæði því, að stefndi eigi rétt á innheimtulaunum auk borgunar þeirrar, er hann hefir fengið, og því, að hann hafi innheimt fyrir bankann fjárhæðir þær, sem taldar eru í reikningnum.

Fyrir kröfu sinni um 10% innheimtulaun telur stefndi það gilda ástæðu, að áfryjendurnir hafi ekki svarað fyrgreindum bréfum sínum 2. apríl og 5. júní f. á., þar sem hann skýrði þeim frá, með hverjum kjörum hann hugsaði sér að halda áfram starfinu fyrir bankann, og þar sem hann í síðara bréfinu tiltók 10% innköllun auk borgunar eins og að undanfögnu, því að þeir hafi með þessu þeg-

jandi gengið að kröfum hans í bréfinu, og í því trausti hafi hann farið í ferðina vestur 12. júní.

Það er viðurkent, að þessum bréfum stefnda hafi eigi verið svarað skriflega, en hins vegar verður að telja það vafalaust eftir skýrslum stefnda sjálfs, að bankastjórnin hafi svarað bréfunum munnlega. Um bréfið 2. apríl segir stefndi: Bréfið hafði þau áhrif, að í næsta sinn er eg kom í bankann, féllu orð hans (Björns Kristjánssonar bankastjóra) eitthvað á þá leið, að bankinn yrði að taka fyrir öll viðskifti við mig, ef eg héldi því fram, er í bréfinu stæði, en eg sló þá undan« o. s. frv. Þessu bréfi stefnda var þannig svarað að hans eigin sögn, og það á þá leið, að bankinn vildi alls eigi ganga að kröfum hans í bréfinu. Um bréfið 5. júní verður að líta eins á, að því hafi verið svarað munnlega. Stefndi getur þess, að frá því í nóvember til þess í júní hafi ekki gengið á öðru en bréfaskiftum og conferencer milli sín og (banka-)stjórnarinnar, og það verður því ekki annað ætlað, en að hann á málfundi, er hann að sjálfsögðu hefir átt við bankastjórnina í júnímánuði, áður en hann fór vestur 12. júní, hafi fengið svar við bréfi sínu 5. s. m., og hafi það ekki verið, er það sök stefnda, að hann trygði sér ekki loforð eða skuldbinding bankastjórnarinnar um borgun, er hann væri ánægður með, áður en hann fór þessa ferð. En stefndi heldur því nú eigi heldur fram, að áfrýjendurnir hafi berum orðum heitið sér innheimtulaunum eða annari ákveðinni borgun fyrir starfann, auk þess er honum var greitt, en hið fylsta, er hann virðist vilja herma upp á þá í þessu efni, eftir því sem ráðið verður af vitnaspurningu, er hann stýlaði Jóni Gunnarssyni gæzlustjóra, er loforð um, að starf hans fyrir bankann yrði sæmilega borgað, ef það

kæmi að góðum notum fyrir bankann. En þetta loforð er svo óákveðið og skilorðsbundið, að stefndi getur eigi byggt á því neinn rétt til frekari greiðslu frá bankanum en hann hefir fengið, enda hefir hann eigi sýnt fram á, að sú borgun sé eigi sæmilegt endurgjald fyrir störf hans í þarfir bankans.

Stefndi hefir þá, samkvæmt því er að framan segir, eigi sannað eða rökstutt nægilega, að honum beri meiri borgun fyrir áminst innheimtustarf hans í þarfir bankans en honum hefir þegar greidd verið, svo að eigi verður nauðsynlegt að rannsaka, hvort hann hefir innheimt fyrir bankann framangreinda reikningsupphæð, og ber því að taka til greina kröfu áfrýjenda um fulla sýknun í málinu. Ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað samþykkjast og málskostnaður fyrir yfirdómi þykir einnig eiga að falla niður.

#### Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson landsbankastjórar fyrir hönd landsbankans eiga að vera sýknir af kröfum stefnda Einars Jónassonar yfirréttarmálaflutningsmanns í þessu máli. Um málskostnað skal bæjarþingsdóminum óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.